



Jörð

Ég fæddist í landi sem lifir



og lætur mig muna eftir sér.



Víðernin vaka mér yfir

og vaskelgur fjallanna her.



Ég lék mér í grasinu græna



sem gælir við fótsporin mín



Sest þreyttur á þúfuna væna.



Hún þylur mér leyndarmál sín.



Þótt ég hafi fislétta fætur



og ferðist um heimshornin víð



á hjarta mitt rammgerðar rætur



í regnþrungnum mó undir hlíð.



Sem logi í innjarðar óni.



Er allt niðri í moldinni geymt,



sem reynt hefur fólk hér á Fróni



Því fundist, það vonað og dreymt.



Úr jarðvegi djúpum og dökkum,



dýrindis blómstur og strá



blasa við brosleitum krökkum



sem bera heim vendina smá.



Púsaldarljóð eftir Sveinbjörn I. Balvinsson
og Tryggva Baldvinsson